

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni.

1. gr.

Frá og með 23. febrúar 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Breiðdalsgrunni, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°25'N – 12°53'V
2. 64°25'N – 12°22,5'V
3. 64°16,5'N – 12°40,5'V
4. 64°16,5'N – 12°57,7'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. febrúar 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.